

## **Borgarstjórn Reykjavíkur** **2. nóvember 2021**

### **Breytingartillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands merkt J-1 um að afsláttur á leikskólagjöldum eigi einnig við um gjöld á frístundaheimilum.**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að sá afsláttur sem námsmenn, einstæðir foreldrar og öryrkjar geta fengið af leikskólagjöldum barna sinna, nái einnig til gjalds vegna dvalar barna á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar. Kostnaðarauki vegna tillögunnar nemur samtals 55,7 m.kr. og er lagt til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um sömu fjárhæð. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

#### **Greinargerð**

Á vefsvæði Reykjavíkurborgar kemur fram að afsláttur sé veittur af leikskólagjaldi vegna ýmissa ástæðna. Einstæðir foreldrar, námsmenn og öryrkjar eiga til að mynda rétt á afslætti. Ofangreindur afsláttur er hinsvegar ekki til staðar inni á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar sem gerir mörgum foreldrum í erfiðri efnahagslegri stöðu enn erfiðara fyrir. Þó að frístundakortið standi öllum foreldrum barna, sex ára og eldri, í Reykjavík til boða og hægt sé að nota það til greiðslu fyrir dvöl barna á frístundaheimilum, þá er mikilvægt að ekki sé gengið út frá því að frístundakortið verði nýtt fyrir greiðslu frístundaheimila.

Greiðendur leikskólagjalda sem eru í afsláttarflokki 2 (einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í námi, öryrkjar o.s.frv.) fá 58% afslátt af leikskólagjöldum. 58% afsláttur af frístundagjaldi nemur 15.084 kr. fyrir 5 daga vistun. Ef 16% foreldra fá 58% afslátt af vistunargjaldi í frístundaheimili er heildarupphæðin 55,7 m.kr. á ári. Miðað við ofangreinda nálgun (16%) má reikna með að 670 börn muni njóta þessa afsláttar. Þessi nálgun byggir á þeim fjölda sem nýtur afsláttar í leikskólum. Viðbótarkostnaður vegna þessara breytinga er áætlaður 55,7 m.kr. á árinu 2022.

### **Breytingartillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands merkt J-2 um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að Reykjavíkurborg bjóði upp á árskort fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks líkt og á við um fyrir öryrkja og eldri borgara í Strætó bs. þar sem árskort kostar 25.000 kr. Fyrirkomulag varðandi akstursþjónustu fyrir fatlað fólk er þannig að greitt er fyrir hverja ferð 245 kr. og einungis notendur í framhaldsnámi (framhaldsskólum og háskólum) geta keypt ungmenna- eða nemakort Strætó sem er áskriftarkort og gildir í eitt ár.

Þeir einstaklingar sem myndu hafa hag af því að kaupa árskort í stað þess að greiða fyrir einstaka ferð, eru einstaklingar sem fara fleiri en 103 ferðir á ári. Árið 2020 voru það 279 einstaklingar. Kostnaður Reykjavíkurborgar væri rúmlega 8 m.kr. vegna þeirra en það gefur ekki rétta mynd af kostnaðaraukningunni sem af þessu hlytist þar sem ferðum í ferðaþjónustu fatlaðs fólks fækkaði um helming vegna Covid 19 á árinu 2020. Þannig má áætla að kostnaðaraukning í venjulega árferði væri að minnsta kosti 16 m.kr. ef boðið væri upp á árskort í stað þess að greiða gjald fyrir einstaka ferð. Kostnaðaráhrif tillögunnar eru því um 16 m.kr. og er lagt til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um sömu fjárhæð. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð

### **Breytingartillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands merkt J-3 vegna gjaldskrár menningar- og ferðamálasviðs (menningarkort)**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta tillögu að gjaldskrá menningar- og ferðamálasviðs á þann hátt að hún endurspegli samþykkt velferðarráðs um að veita öryrkjum gjaldfrjálst menningarkort sem nálgast megi á sölustöðum þess gegn framvísun á staðfestingu á örorku (örorkuskírteini frá Tryggingastofnun ríkisins). Slíkt er hægt að gera inni á vefsíðu borgarinnar líkt og á við um aðra liði sem eru gjaldfrjálstir fyrir öryrkja.

## **Greinargerð**

Þann 5. febrúar 2020 samþykkri velferðarráð breytingartillögu út frá tillögu Sósíalístaflokks Íslands um að veita öryrkjum gjaldfrjálsu menningarkorti. Breytingartillagan var svohljóðandi: Velferðarráð leggur til að öryrkjar geti fengið menningarkort á sölustöðum þess gjaldfrjálst framvísi þeir staðfestingu á örorku, svokölluðu örorkuskírteini frá Tryggingastofnun ríkisins. Öryrkjar fá nú þegar aðgang að söfnum borgarinnar gjaldfrjálst og því er kostnaðaraukinn óverulegur eða einungis útgáfa kortanna. Með þessu viljum við gera það auðveldara fyrir öryrkja að sækja söfn borgarinnar og njóta þeirra menningarverðmæta sem í því felast. Kostnaðurinn sem til fellur er einungis vegna útgáfu korta sem er samkvæmt menningar og ferðamálsviði 750 krónur per kort og er velferðarsviði falið að útfæra fyrirkomulag varðandi það í samvinnu við menningar- og ferðamálsvið. Nú þegar geta öryrkjar með sama hætti fengið sundkort í sundlaugum borgarinnar og bókasafnskort á bókasöfnunum.

Hér er lagt til að þessi samþykkt endurspeglar í gjaldskrá menningar- og ferðamálsviðs. Sem dæmi má nefna að þegar gjaldskrá menningar- og ferðamálsviðs er skoðuð á vefsvæði Reykjavíkurborgar er sérstaklega tekið fram að öryrkjar greiði ekki fyrir lánskírteini á Borgarbókasafni, þar sem það er stjórnumerkt og tekið fram að öryrkjar greiði ekki fyrir skírteini. Hið sama mætti gera varðandi menningarkortið en mikilvægt er að það komi skýrt fram að öryrkjar geti fengið kortið gjaldfrjálst og því þarf að nefna það í gjaldskrá.

## **Breytingartillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands merkt J-4 vegna gjaldskrárhækkana á þjónustu sem viðkemur börnum.**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að falla frá öllum fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum fyrir árið 2022 á þjónustu sem viðkemur börnum. Tillagan felur í sér að fjárheimildir skóla og frístundasviðs verði hækkaðar um 131.627 þ.kr. og fjárheimildir íþróttar- og tómstundasviðs verði hækkaðar um 3.000 þ.kr. Samanlagt lækki tekjur um 134.627 þ.kr. vegna þessa, sem verði fjármagnað af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

## **Greinargerð:**

Gert er ráð fyrir að gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar um 4,1% sem er í samræmi við verðbólguþá Hagstofu Íslands. Dæmi eru um líði þar sem lagt er til að hækkunin sé umfram 4,1%. Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur til að gjöld verði ekki hækkuð á þjónustu sem viðkemur börnum. Börn hafa engar tekjur og ættu því ekki að greiða fyrir þá þjónustu sem borgin býður upp á.